

Umhverfisstofnun
Áb. <u>GBI RBB ABG</u>
<u>01. apríl 2015</u>
<u>08.14.01</u>
Tilv. <u>UST201502 - 513</u>



Sorpsamlag Þingeyinga ehf
Pósthólf 151
640 Húsavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 27. mars 2015
Tilv.: UMH15010083/20-1

Vísað er til erindis Sorpsamlags Þingeyinga ehf. frá 20. janúar sl. Í erindinu er sótt um tímabundna undanþágu fyrir urðunarstaðina í Laugardal og á Kópaskeri þar til ný starfsleyfi liggja fyrir. Í erindinu kemur fram að ástæða umsóknarinnar sé seinkun sem orðið hafi á afgreiðslu starfsleyfa fyrir urðunarstaðina. Ráðuneytið kýs að afgreiða umrætt erindi aðskilið eftir urðunarstöðum og er í þessum bréfi urðunarstaðurinn á Kópaskeri til umfjöllunar.

Í 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr laganna. Í 1. ml. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er kveðið á um að móttökustöð fyrir úrgang skuli hafa gilt starfsleyfi. Ráðherra er heimilt, samkvæmt 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samkvæmt 2. ml. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 5. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags 6. mars sl. Þar staðfestir Umhverfisstofnun að fullnægjandi umsókn um starfsleyfi hafi borist. Stofnunin hafi unnið tillögu að starfsleyfi og sent umsækjanda til kynningar. Starfsemin sé í samræmi við gildandi skipulagsáetlanir og í samræmi við ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Að mati Umhverfisstofnunar sé málið því í eðlilegum farvegi. Fram kemur að urðunarstaðnum hafi áður verið veitt undanþága frá starfsleyfi 2. júlí 2014 með gildistíma til 1. febrúar 2015. Umhverfisstofnun hafi ekki upplýsingar um annað en að starfsemin hafi verið í samræmi við skilyrði undanþágunnar og stofnunin telji rétt að urðunarstað Sorpsamlags Þingeyinga ehf. við Kópasker verði veitt tímabundin undanþága frá starfsleyfi.

Að fenginni framangreindri umsögn Umhverfisstofnunar og í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs veitir ráðuneytið hér með Sorpsamlagi Þingeyinga ehf. tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn á Kópaskeri.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Sorpsamlag Þingeyinga ehf. skal starfa samkvæmt tillögu að starfsleyfi sem Umhverfisstofnun sendi félaginu 26. febrúar 2015.
2. Sorpsamlag Þingeyinga ehf. skal starfa í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og


mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og annarra reglugerða sem við eiga.

3. Umhverfisstofnun fer með framkvæmd mengunarvarnaeftirlits á gildistíma undanþágunnar, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 15. október 2015.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Laufey Helga Guðmundsdóttir

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra